



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Flæði og samþætting

Áfangaskýrsla



Pála Pálsdóttir/Agnes Jónsdóttir/Sigrún Grétarsdóttir/Anna Magnúsdóttir/Anna
Magnea Hreinsdóttir
Engjaborg/Funaborg/Hólaborg/Sunnufold/Háskóli Íslands
Skólaárið 2021-2022



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	6
4. Mat á verkefninu	7
5. Greinargerð um notkun styrkjár	8
6. Kynning	8
Heimildir	9

1. Inngangur

Markmið fyrsta hluta verkefnisins sem unnið hefur verið að veturinn 2021-2022 og er nú að ljúka var að styrkja kennara og annað starfsfólk leikskólanna í að vinna að sjálfseflingu og félagsfærni í leikskólunum í daglegu starfi og leik og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi starfi leikskólanna. Tilgangurinn er að undirstrika mikilvægi þess að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Verkefnið er hluti af þriggja ára verkefni og felst annar hluti þess, sem unnið verður að veturinn 2022-2023, í að auka virka þátttöku barna í leikskólastarfi á ýmsa vegu og uppfylla þannig markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar um barnið sem virkan þátttakenda. Það verður helst gert með því að kennara og annað starfsfólk tileinki sér þær aðferðir sem til eru til að hlusta á virkan hátt á sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra. Fyrirhugað er að vinna að þriðja hluta verkefnisins veturinn 2023-2024 sem felst í að vinna að kerfisbundnu innra mati leikskólanna með virkri þátttöku barna, foreldra og starfsfólk leikskóla í lýðræðislegri samræðu um starfsemi leikskólans og þróun hennar.

Markmið verkefnisins endurspeglar helst áherslu menntastefnunnar á sjálfseflingu og félagsfærni þar sem leikskólastarf á að byggja á jafnrétti og virkri þátttöku bana með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Það er kjarni verkefnisins og til að ná þessum markmiðum munum við leggja áherslu á að styrkja starfsfólk leikskólanna með þátttöku í upplýsandi fræðslu og umræðu um hvernig hægt er að virða skoðanir barna og áhrifamátt þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð og í mati á starfinu.

Í leikskólunum starfa samtals um 100 kennarar og annað starfsfólk sem hefur ávinning af því að fræðast og ræða um hlutverk sitt í leik barna og hvernig best er að styðja við hann. Vætanlegur ávinningur fyrir starfsfólk og börn er aukin þekking á starfsfólks á aðferðum sem styðja við sjálfseflingu og félagsfærni þeirra 250 barna í leikskólunum með kerfisbundnum vinnubrögðum í flæðandi starfi leikskólanna, aukin þátttaka barna í leikskólastarfi og í mati á starfi skólanna og aukinn áhrifamáttur sjónarmiða þeirra í daglegu starfi.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Leikskólarnir Engjaborg, Funaborg, Hólaborg og Sunnufold hafa átt í farsælu samstarfi á undanförunum árum og vildu halda því áfram. Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur buðu til stefnumóts fræðafólks úr háskólasamfélaginu og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í janúar sl. þar sem tillaga kom að samstarfi leikskólanna og Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem hefur m.a. sérhæft sig í þátttöku barna í leikskólastarfi og lýðræðislegum matsaðferðum í leikskólum. Hafa leikskólarnir þörf á því að þróa betur hlutverk kennara og annars starfsfólks í að stuðla að leik sem

meginnámsleið barna og að skrá og meta nám þeirra með kerfisbundnum, sýnilegum hætti með þátttöku barnanna, foreldra og starfsfólks.

Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar Engjaborgar, Funaborgar, Hólaborgar og Sunnufoldar funduðu í febrúar um hugmyndir að þróunarverkefni næstu ára og hvað helst myndi stuðla að umbótum í skólastarfinu. Komu þeir sér saman um nokkur markmið og kölluðu Önnu Magneu til fundar þar sem hugmyndirnar voru ræddar nánar. Töldu þeir að þörf væri á fræðslu og umræðu um hlutverk kennara og annars starfsfólks í að styðja við hugmyndir barna og leik á virkan hátt og stuðla þannig að sjálfsefningu og félagsfærni barnanna í leikskólunum í daglegu starfi. Vandinn er oft sá að kennarar og annað starfsfólk getur verið annað hvort of stýrandi eða of afskiptalaust þegar börn leika sér og þarf það að tileinka sér að hlusta eftir hugmyndum þeirra með því t.d. að fylgjast með og skrá það sem börnin eru að velta fyrir sér og ígrunda síðan hvernig hægt er að bregðast við hugmyndum þeirra varðandi leiksvæði, efnivið og kveikjur. Einnig að koma auga á hvernig kennarar og annað starfsfólk og barnahópurinn getur stutt við leik og nám annarra barna á jafningjagrunni.

Töldu stjórnendurnir að þörf væri á því að fræðsla og umræða færi fram í starfsmannahópunum um hvernig best sé að auka þátttöku barna í daglegu starfi og í mati á skólastarfinu með leiðum sem væru vel til þess fallnar. Einnig hvernig kennarar og annað starfsfólk getur hlustað á virkan hátt á sjónarmið barna og áttað sig á áhrifamætti þeirra, en talið er að raddir barna og sjónarmið séu helsta breytingar- og umbótaaflið í skólastarfi. Að auki fannst stjórnendum Engjaborgar, Funaborgar, Hólaborgar og Sunnufoldar þeir hafa þörf á leiðsögn varðandi það að skipuleggja innra mat með þátttöku barna, foreldra og starfsfólks, móta matsáætlun, velja viðmið og aðferðir, framkvæma kerfisbundið innra mat og fylgja niðurstöðum eftir með gerð umbótaáætlunar og eftirfylgd með henni. Varð úr að það yrði eitt af markmiðum verkefnisins. Áskorunin er ávallt sú að margt ungt fólk starfar í leikskólunum sem hefur litla reynslu af leikskólastarfi sem þarf að starfa eftir skýrri stefnu en jafnframt að hafa sjálfræði í störfum. Farsælasta leiðin til að ná því jafnvægi er að standa að reglulegri fræðslu og umræðu um hugmyndafræði leikskólans, hlutverk starfsfólks í leik barna og að meta starfshætti reglulega með kerfisbundnum hætti og þátttöku barna, foreldra og starfsfólks. Þetta verkefni á að bregðast við þessum áskorunum.

Nú er fyrsta þætti verkefnisins að ljúka sem laut að því styrkja kennara og annað starfsfólk leikskólanna í að vinna að sjálfsefningu og félagsfærni í leikskólunum í daglegu starfi og leik og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi starfi leikskólanna. Tilgangurinn er að undirstrika mikilvægi þess að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi.

Verkefnið hefur verið unnið samkvæmt tímaáætluninni sem lögð var fram í upphafi þess, fyrir utan að eitt skipti var fellt niður í janúar 2022 vegna áhrifa COVID-19, sjá töflu 1. Var þá ákveðið að færa saman innihald funda í febrúar og mars um skráningar til að vinna upp tapið.

Tímaáætlun verkefnisins var eftirfarandi:

Tafla 1

<i>Dagsetning</i>	<i>Klukkan</i>	<i>Efni</i>	<i>Aðferðir</i>
23.ágú	8:30 - 10:30	Hlutverk kennara í leik barna	Fræðsla og umræður
21.sep	8:30 - 10:30	Hugmyndir barna	Fræðsla og umræður
20.okt	8:30 - 10:30	Barnahópurinn og jafningjamening	Fræðsla og umræður
18.nóv	8:30 - 10:30	Skipulag, tími og flæði	Fræðsla og umræður
11.jan	8:30 - 10:30	Námsumhverfið og leikefni	Fræðsla og umræður
9.feb	8:30 - 10:30	Skráningar á leik barna	Fræðsla og umræður
16.mar	8:30 - 10:30	Ígrundun og umræður um skráningar	Fræðsla og umræður
7.apr	8:30 - 10:30	Skóli fyrir alla - allir með?	Fræðsla og umræður
11.maí	17:00 - 19:00	Endurmat og samantekt á vetrinum	Fræðsla og umræður

Hlutverk kennara og annars starfsfólks leikskóla er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmenningar- og fjölbjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum (Reykjavíkurborg, 2018). Til þess þarf hæfni kennara og annars starfsfólks að vera bæði hagnýt og fræðileg, fagleg og persónuleg (Wood, 2013). Fagleg þekking byggir á fræðilegri þekkingu um uppeldi og menntun ungra barna, en persónuleg á sjálfsþekkingu og trú á eigin getu. Fagmennska byggir að stórum hluta á stöðugri ígrundun eigin starfshátta með það fyrir augum að bæta starfið og þróa. Pollard (2002) útskýrir ferli ígrundunar þannig að áherslan er á markmið í starfinu og það skoðað á fordómalausan og víðsýnan hátt í samtali við samstarfsfólk, þar sem rýnt er í starfshætti og starfsfólk er meðvitað um hvenær breytingar eiga við og hvenær ekki.

Verkefnið hófst á því að fjallað var um leikinn og hlutverk kennara í leik barna. Samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns er leikur einn af grundvallarréttindum barna. Þarf starfsfólk leikskóla því að hafa djúpan skilning á námi og leik barna. Kennarar og annað starfsfólk ræddi og ígrundaði hvernig samþætta á nám og leik á námssviðum leikskólans. Hlutverk fullorðinna er lykilatriði þegar kemur að námi í leik og hvernig stutt er við þróun leiksins. Jafnvægi þarf að ríkja í sveigjanleika og skipulagi og eiga kennarar og annað starfsfólk að fylgjast með, skrá og læra af leik barnanna og endurskipuleggja leikaðstæður og stuðning út frá því sem fram kemur í skráningum.

Í september var farið yfir hugmyndir barna og tilgátur en hluti af því að fylgjast með námi barna í leik er að hlusta eftir hugmyndum þeirra og tilgátum, en þær snúast um hvernig börn hugsa, kanna og skapa merkingu í daglegu lífi þegar þau reyna að tengja nýja upplifun við fyrri reynslu og skilning. Í leik endurskapa börn tilveru sína og finna merkingu og þróa skapandi hugsun. Hið skapandi ferli leiksins eða flæði þarf að vera viðurkennt, því sköpun felst ekki eingöngu í hugsun, heldur einnig í tengslum við börn og starfsfólk.

Jafningjamening og barnahópurinn var til umræðu í október, en hann vegur þungt í námi ungra barna, þar sem börn læra hvert af öðru ekki síður en af fullorðnum (Corsaro, 2005). Einnig er mikilvægt að byggja nám á áhugasviði barna fremur en eigin markmiðum (Wood, 2013).


Áhrif klukkunnar á leikskólastarf eru töluverð og voru þau til umræðu í nóvember. Klukkan hefur áhrif á barnahópinn, starfsfólk og á daglegt skipulag. Hún hefur einnig áhrif á upplifun og skilgreiningu starfsfólks og barna á því í hverju skólastarf felst. Klukkan afmarkar viðfangsefni barna, allt frá komu þeirra í skólann, í matartímum, leiktíma og útiveru og yfir í kveðjustundina í lok dags. Klukkan tengist einnig fagmennsku kennara sem felst í skýru dagskipulagi og til dæmis vel skipulögðu hópastarfi og samverustundum. Á sama tíma kemur þetta sama skipulag í veg fyrir flæði í leik barna og dýpt (Sara Margrét Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2016). Starfsaðferðir leikskólanna falla vel að kenningum Mihály Csíkszentmihályi, Harper og Row (1990) um flæði, en það eru þær stundir sem við njótum okkar best.

Námsumhverfið átti að vera til umfjöllunar í janúar en var frestað fram í febrúar vegna álags starfsfólks vegna COVID-19. Í febrúar var því rætt um námsumhverfið sem er oft nefnt þriðji kennarinn og getur það verið efni, staðir, hlutir og fólk. Því er mikilvægt fyrir kennara og annað starfsfólk að velja fyrir sér hvernig börn hugsa um umhverfið, hvaða aðgang þau hafa að því, hvaða tilgang leikefniviðurinn hefur, hvaða tíma tekur að leika sér með leikefnið og hvert samband barna er við ólík leikefni. Oft er talað um athafnakosti barna og möguleika umhverfis og er þá átt við fólk, hluti, tæki og leikefni, hvernig leikefnið er notað, hvernig hægt væri að nota það og hvernig leikefnið stuðlar að eða kemur í veg fyrir nám.

Skráningar á námi barna og hlutur þess í að gera nám barna sýnilegt og leikskólastarfið einnig verður viðfangsefni verkefnisins í mars og í apríl verður farið yfir starf leikskólanna með það í huga hvort það mæti þörfum allra barna og sé að taka mið af margbreytileika barnahópsins og fjölskyldna.

Í maí mun allt starfsfólk leikskólanna hittast og meta verkefnið á sameiginlegum fundi sem settur verður upp samkvæmt þjóðfundaaðferðinni.


Byggði fyrirkomulag verkefnisins á hugmyndafræði Menntafléttu, samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands, þar sem deildarstjórar fengu valdar greinar til lesturs fyrir hvern fund sem kveikju að umræðum, sjá mynd 1. Á fundum voru fyrirlestrar fluttir sem tengdust viðfangsefninu og ræddu deildarstjórar og ígrunduðu viðkomandi efni. Þeirra beið síðan að kynna efnið fyrir starfsfólki sinnar deildar og gera viðeigandi breytingar – eða ekki – allt eftir mati hvernar deildar. Að lokum verða breytingarnar metna á sameiginlegum starfsdegi í maí. Verður þá stuðst við gátlista Menntastefnunnar og viðmið verkefnisins.



Mynd 1: Fyrirkomulag verkefnisins

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Reynslan af verkefninu enn sem komið er liggur í því að fræðslan styrkir deildarstjóra í fræðunum og veitir þeim sjálfstraust. Meiri samvinna er milli deilda þegar allir í húsinu eru að vinna að því sama og hafa sameiginlegt „áhugamál“. Auðveldar er fyrir starfsfólk leikskólanna að tala saman um þetta viðfangsefni. Verkefnið hefur gefið þátttakendum tækifæri til að hugsa upp á nýtt það sem við erum að gera og annað hvort styrka það eða breyta og allir vita og skilja hvers vegna verið er að breyta. Hugmyndir frá samstarfs leikskólum eru góð viðbót við það sem fyrir er. Verkefnið er góð upprifjun fyrir „gamalt“ starfsfólk og góð byrjun fyrir nýtt starfsfólk. ... og síðast en ekki síst hefur þetta kveikt áhuga og aukið samræður um leikinn sem mikilvægustu námsleið barna. Dæmi um árangur eða gagnsemi verkefnisins má segja að sé beiðni sem barst leikskólastjóra frá þremur drengjum um kaup á Harry Potter legó. Leikskólastjórinn bað um skriflega beiðni sem barst honum skömmu síðar, sá mynd 2.



Mynd 2. Innkaupalisti frá börnunum í Engjaborg

Leikskólastjórinn brást vel við erindinu, hugmyndum barna, röddum og áhrifamætti og er nú unnið að því að byggja Harry Potter kastala í leikskólanum, sjá mynd 3 og 4.



Mynd 3 og 4. Unnið að kastalabyggingu í Engjaborg

Fyrir háskólasamfélagið er afar mikilvægt að hafa beina tengingu inn á vettvang og geta miðlað niðurstöðum af vettvangi í kennslu. Mikilvægt að sjá hvernig hægt er að innleiða hugmyndafræði leikskóla í daglegt starf og hvaða leiðir eru færar. Einnig er verðmætt að geta safnað gögnum af vettvangi og skrifað um þau fræðigreinar. Það hefur verið gefandi að fylgja samstarfi fjögurra leikskóla og að kynnast starfi þeirra. Samstarf leikskóla og háskóla er og ætti að vera gagnvirkt og að koma báðum aðilum til góða. Áhugavert hefur verið að fylgjast með þeim áskorunum sem vettvangur er að glíma við, t.d. COVID-19, skort á leikskólakennurum, styttingu vinnuviku, og aukinni fjarveru kennara af deild vegna aukinna undirbúningstíma.

4. *Mat á verkefninu*

Eins og fyrr segir liggur ekki fyrir lokamat á fyrsta áfanga verkefnisins, en unnið verður að því í maí. Þess má geta að stjórnendur leikskólanna fylltu út opin spurningalista um viðhorf þeirra til þeirra þátta sem fjallað hefur verið um veturinn 2021-2022 sem gefur góða mynd af stöðunni í upphafi verkefnisins. Í lok þess verður sambærilegur spurningalisti lagður fyrir og greint hvað hefur breyst í ferlinu. Sérstaklega verður gætt að því að svara spurningunum: Hvernig „kenna“ leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskóla og hvernig „læra“ börn í leikskólum?

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Styrknum hefur verið ráðstafað á eftirfarandi hátt:

Sundurliðuð kostnaðaráætlun

<i>Kostnaðarpáttur</i>	<i>Sundurliðuður kostnaður</i>	<i>Heildarkostnaður</i>	<i>Hluttur þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur</i>	<i>Framlög leikskólanna</i>
Laun starfsfólks leikskólanna	92 starfsmenn x 16 klukkustundir x 4.000 krónur	5.888.000	2.200.000	3.688.000
Efniskostnaður	Matur á fundum, pappír og námsefni	800.000	600.000	200.000
Aðkeypt þjónusta	Verktakalaun verkefnastjóra og annarra sérfræðinga	1.000.000	1.000.000	0
Annað (tilgr. í aths.)	Fundarsalir og fl.	200.000	200.000	0
Alls		7.888.000	4.000.000	3.888.000

6. Kynning

Verkefnið hefur verið kynnt á Stefnumóti Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur við fræðafólk úr háskólasamfélaginu og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Einnig er fyrirhugað að kynna verkefnið á Menntakviku haustið 2022 og á fundi skólastjórnenda hjá Reykjavíkurborg.

Unnið er að fræðigreini um verkefnið sem áætlað er að verði fullunnin í lok árs 2022.

Afurðir fyrsta hluta verkefnisins verða stutt myndbönd um þá þætti sem hafa verið til umfjöllunar í vetur. Myndböndin verða um:

- Hlutverk leikskólakennara og starfsfólks í leik barna
- Hlutverk barnahópsins í leik barna
- Hlutverk námsumhverfis og leikefnis
- Hlutverk skráninga á leik barna og skipulag leikskólastarfs
- Dagskipulagið og áhrif tímans á leikskólastarf
- Hugmyndir barna og tilgátur
- Hvað einkennir leikskóla fyrir öll börn?

Heimildir

Corsaro, W. (2005). *The Sociology of Childhood*. Pine Forge Press.

Mihaly Csikszentmihalyi, Harper og Row. (1990). *FLOW: The Psychology of Optimal Experience*. Global Learning Communities.

Menntafléttan. (2021). *Menntafléttan*. Sótt af: <https://menntamidja.is/menntaflattan/>

Pollard, A. (2002). *Reflective teaching : effective and evidence-informed professional practice*. The Open University.

Reykjavíkurborg. (2018). *Menntastefna Reykjavíkurborgar*. Sótt af: <https://menntastefna.is/>

Sara M. Ólafsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2016). Vellíðan barna í leikskólastarfi; Samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Náms svið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 31–56). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.

Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum* (3. útgáfa). London: Sage.